Arðrændir og kúgaðir allra landa - sameinist !

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

22. tbl. 4. árg. 2ð. nóv - 12. des. 1978 Verð kr. 150

Samtök herstöðvaandstæðinga samþykktu á síðustu Landsráðstefnu sinni að berjast fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um herinn og NATO. Í þessu blaði birtist afstaða EIK(m-l) til slíkrar atkvæðagreiðslu.

7

Áskorun til ríkisstjórnarinnar

Á dögunum komu fulltrúar Alþjóða gjaldeyrissjóðsins (IMF) í árlega heimsókn til viðræðna við ísl. stjórnvöld um efnahagsmál. Miðstjórn EIK(m-l) sendi af því tilefni frá sér Áskorun til ríkisstjórnarinnar og sagði þar m.a.:

"Íslenska ríkið skuldar nú sjóðnum svo háar fjárhæðir að hann hefur rétt til að hlutast til um framvindu efnahagsmála í landinu skv. skilyrðum með lántökum íslenska ríkisins.

Einingarsamtök kommúnista (marx-lenínista) vilja vekja athygli á þessari heimsókn. Samtökin líta svo á að lánastefna ríkisvaldsins og tengslin við Alþjóða gjaldeyrissjóðinn grafi undan sjálfræði íslensku þjóðarinnar.

Efni umræðna fulltrúanna og ríkisvaldsins, ásamt niðurstöðum þeirra, er ekki opinberað almenningi. Það er sjálfsögð krafa og réttindi almennings að fá upplýsingar um þetta.

EIK(m-l) skora á ríkisstjórn sem kennir sig við vinnandi fólk að opinbera efni og niðurstöður viðræðnanna sem fyrst!".

Í beinu framhaldi af þessu bendir ritstjórn á ítarlegt viðtal í 19. tbl. Verkalýðsblaðsins við Elías Davíðsson, kerfisfræðing. Þar leggur viðmælandi blaðsins á borðið ítarlegar og athyglisverðar upplýsingar um Alþjóða gjaldeyrissjóðinn og ítök hans hér. Enn má nefna góða grein eftir Elías í dagblaðinu Vísi 20. nóv. sl. Þar leiðir hann gild rök að því að Landsvirkjun er í raun rekið sem útibú Alþjóðabankans, sem er grein á sama meiði og Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn.

ALÞÝÐUBANDALAGIÐ -KAUPRÁNSFLOKKUR

"Alþýðubandalagið er forystuflokkur kaupránsflokkanna í ríkisstjórn. Alþýðubandalagið er í forystu við að reyna að bjarga gróða auðvaldsins með beinu og augljósu kaupráni."

Þessu slær framkvæmdanefnd miðstjórnar Einingarsamtakanna föstu í forystugrein blaðsins á blaðsíðu 2. Þar er bent á hvernig borgaralegu verkalýðsflokkarnir tveir, Alþýðubandalag og Alþýðuflokkur, hafa róið undir fölsku flaggi undanfarna mánuði í því skyni að nýta sér reiði launafólks til atkvæðaveiða. "Samningana í gildi varð í meðförum þessara afla áróðurstæki til að ýta undir atkvæðastreymi í kosningunum s.l. vor, og þannig var reiði launafólks nýtt til að senda fleiri framagosa í þægindasæti við kjötkatla auðvaldsins", segir í forystugreininni.

Þá er í opnu blaðsins fjallað um nýafstaðinn flokksráðsfund Alþýðubandalagsins, þar sem kaupránsstefna flokksforystunnar var formlega samþykkt. Þar segir m.a.:

"Alþýðubandalagið sem kallar sig "Sósíalískan" flokk og "verkalýðsflokk" ályktar ekki um ástandið í íslensku auðvaldsþjóðfélagi, heldur um "vanda íslenskra atvinnuvega". Umhyggjan fyrir auð og auðherrum geislar skærar en umhyggjan fyrir vinnandi höndum. Í ályktun flokksráðsfundarins er ekki fjallað um kreppur í íslenska auðvaldsþjóðfélaginu, né heldur um djúpstæða kreppu alls auðvaldsheimsins. Alþýðubandalagið hefur líka "gleymt" að ályktа um það að alþýða í öðrum löndum á í baráttu, að hernaðarrisarnir stefna hröðum skrefum í nýtt heimsstríð, og að allt þetta er kirfilega samtvinnað og tengt þjóðfélagsástandinu á Íslandi og baráttu íslenskrar alþýðu".

Sókn hafnar tilmælum ASÍ - forystunnar

ASÍ-forystan hefur í samráði við vinstri stjórnina enn einu sinni komið upp um sviksemi sína við málstað verkalýðsins.

Verkalýðshreyfingin hefur verið hvött til að framlengja samningana um eitt ár þrátt fyrir að forsendur þeirra séu fyrir löngu brostnar og að séð er fram á enn frekari skerðingu vísitölunnar.

Félagsfundur Sóknar

Starfsmannafélagið Sókn hélt félagsfund 16. nóv. sl. Félagskonur fjölmenntu á fundinn og eftir fjörlegar umræður samþykkti fundurinn að hafna tilmælum ASÍ-forystunnar og segja upp samningum frá og með 1. mars n.k. Verkfallsheimild var gefin til stjó stjórnar og trúnaðarráðs og stjórn hvött til að boð boða til verkfalls 15. jan. ef viðunnandi árangur hefði ekki náðst af samningum fyrir þann tíma.

Aukin virkni félagskvenna

Starfsstúlkur í eldhúsi Borgarspítalans mættu undirbúnar á fundinn með ályktun sem þær höfðu samþykkt á vinnustaðarfundi. Í þeirri ályktun kom fram hvatning til Sóknar um að berjast fyrir bættum kjörum - með verkfalli ef annað dygi ekki. Samþykkt starfsstúlknanna sýnir hve mikil óánægja er orðin á félagssvæði Sóknar. Starfsstúlkurnar sýndu mikilvægt og gott fordæmi í að koma þessari óánægju á framfæri.

Starfsstúlkur á barnaheimilum höfðu einnig

3

Hvers vegna fór Hua til Írans ?

6

Hvers vegna fór Húa Kuofeng til Írans, landsins þar sem alþýðan berst blóðugri baráttu gegn ógnarstjórn keisarans? Styður Kína herforingjaklíkuna í Chile? Hafa Kínverjar allt í einu uppgötvað sósíalisma í Júgóslavíu? Er Kína að leita sátta við risaveldið Bandaríkin, annað af tveimur hættulegustu heimsvaldaríkjum heimsins?

Slíkar spurningar má oft heyra af vörum fólks, jafnt vina sem óvina hins sósíalíska Kína. Í þessu blaði tökum við fyrir ferð Hua til Írans og reynum að sýna hvernig hún er liður í þeirri viðleitni Kínverja að einangra risaveldin, rýja þau bandamönnum, sundra liði þeirra og efla samstöðu ólíkra afla gegn styrjaldarundirbúningi þeirra. Við munum áfram skrifa um utanríkisstefnu Kína og hvetjum lesendur til að senda spurningar og óskir til að taka upp í því sambandi.

Hua Kuofeng ásamt keisaranum og Faraf Dibu. Er rétt af kínverjum að mynda sem víðtækasta samfylkingu gegn styrjaldarundirbúningi risaveldanna ? (Mynd : Hsinhua)

Rætt við Rauðsokka

8

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Alþýðubandalagið - kaupránsflokkur

Þegar þetta er skrifað, er fullljóst orðið að ríkisstjórnin og forystulið samtaka launafólks hafa fyrirhafnarlítið náð samkomulagi um að ræna launafólk góðum hluta beinna kjarabóta 1.desember. Þar með hefur forysta "verkalýðsflokkanna", Alþýðubandalags og Alþýðuflokks - og þeirra menn í verkalýðsforystunni náð hámarki í blekkingarsirkusnum sem sömu aðilar hófu í febrúar s.l. Þá var réttilega sett fram krafa um "samningana í gildi", sem tákn um að nú stæði baráttan um að verja fenginn hlut gagnvart gróðaáhlaupum auðvaldsins. En eftirleikinn þarf ekki að rekja í löngu máli. Verkalýðsforystan og Alþýðubandalag/Alþýðuflokkur skipulögðu aldrei baráttu verkalýðsins til að hnekkja bráðabirgðalögunum um kauprán. "Samningana í gildi" varð í meðförum þessara afla áróðurstæki til að ýta undir atkvæðastreymi í kosningunum s.l. vor, og þannig var reiði launafólks nýtt til að senda fleiri framagosa í þægindasæti við kjötkatla auðvaldsins. Nú hefur flagðið komið undan skinninu fagra: Alþýðubandalagið er forystuflokkur kaupránsflokkanna í ríkisstjórn. Alýðubandalagið og armur þess í verkalýðshreyfingunni er í forystu við að reyna að bjarga gróða auðvaldsins með beinu og augljósu kaupráni.

Stjórnarflokkarnir hamra á því, ekki síst Alþýðubandalagið, að skert kauphækkun 1.des., skuli bætt "með öðrum leiðum". Talað er um lækkun skatta, bætta félagslega þjónustu, auknar niðurgreiðslur, að atvinnurekendur megi ekki velta öllu út í verðlagið o.s.frv. En fyrir verkafólkið sjálft eru slíkar viljayfirlýsingar kaupræningja Alþýðubandalagsins ekki meira virði en pappírinn sem þær eru skrifaðar á. Auðstéttin sjálf veit hvað henni kemur vel og hún ber verkalýðsforystuna og AB-forystuna í gullstólum þessa dagana! Kaupránið þýðir einfaldlega að atvinnurekendur þurfa ekki að leggja jafn mikið í kaupgreiðslur og áður, þó að þurfi að borga örlítið fleiri krónur. Flestar hækkanir hafa fengið skjóta afgreiðslu, nægir þar að benda á Flugleiðir, gos- og smjörlíkisframleiðendur, olíufélögin, póst og síma.

AÐ HVERJU BER AÐ STEFNA ?

Ljóst er, að framundan er hörð og erfið varnarbarátta, vörn þeirra kjara og réttinda, sem verkafólk hefur þegar náð. Sú barátta verður sérlega erfið, sérstaklega vegna þess að æðsta forysta hreyfingarinnar er virkur þátttakandi í og hvatamaður að kaupráninu. Þar með sýnir hún einkar skýrt sitt rétta andlit, stéttasamvinnu verkalýðs og atvinnurekenda í orði og verki.

Hvaða svör á verkafólk gegn þessu? EIK(m-l) vilja hvetja fólk til að kanna alla möguleika til baráttu bæði í stéttarfélögunum og á vinnustöðum. Allmörg stéttarfélög hafa hafnað beiðni ASÍ um að afturkalla uppsögn samninga. Þ.á. m er starfsmannafélagið Sókn, sem hefur aflað sér verkfallsheimildar 15.jan. EIK(m-l) hvetja vinnandi fólk til að fylgja þessu fordæmi, en um leið að vinna að því að sérstaklega kosnir fulltrúar af vinnustöðunum skipi samninga- og verkfallsnefndir. Í sumum tilvikum kann að vera mögulegt að ná samstöðu á vinnustöðunum um aðgerðir. Ræðið við félaga ykkar og ef samstaða næst, undirbúið þá kröfugerðina vel, vinnið að því að ná sem bestri einingu um hana, skipið trausta forystu og gætið þess að úrtölumenn skemmi ekki fyrir.

MIKILVÆGUSTU KRÖFUR

EIK(m-l) telja að mikilvægustu kröfur þessarar baráttu séu:

1) Óbreytt verðbótavísitala og fullar verðbætur á laun 1.desember.
2) Verjum kjör okkar og rétt gegn kaupráni og atvinnuleysi.
3) Gegn stéttasamvinnu verkalýðsforystunnar við auðstéttina - endurreisum verkalýðsfélögin sem baráttutæki verkalýðsins.
4) Tökum málin í eigin hendur - eflum baráttuna á vinnustöðunum og í stéttarfélögunum.

EIK(m-l) munu styðja baráttu ykkar eftir mætti.

Til baráttu gegn auðvaldi og stéttasamvinnu!

Framkvæmdarnefnd miðstjórnar 2o/11.

Október-fréttir

Október-búðin er nú sprengfull af nýju efni. Okkur hafa borist nýjar bækur víða að úr heiminum. Má þar nefna mikinn fjölda af hræódýrum ritum frumkvöðlanna frá Kína. M.a. eru þar þau 5 bindi rita Maos er út hafa komið en mikið hefur verið spurt um þau. Eru þau til bæði sem pappírskiljur og í bandi.

Frá Bretlandi hafa komið bækur frá Penguin útgáfunni s.s. rit Snow's um kínversku byltinguna, Marx bókasafnið með m.a. Grundrissunni, því ómissandi riti.

Frá Noregi og Svíþjóð efni um heimsvaldastefnuna, einokunarkapítalismann, Kína "afvopnun" og fleira.

Einnig hefur komið efni frá Kanada um kvennabaráttuna og margt gott frá U.S.A. um t.a.m. sjálfsákvörðunarréttinn, negraspurninguna og hin ófræga sjálfsæfisaga Harry Haywoods:"Black Bolchewik."

Blöð og tímarit streyma inn frá mörgum löndum með fréttum og greiningu á því sem er að gerast í heiminum auk fræðilegra umræðna um vandamál marx-lenínismans. Að sjálfsögðu er allt fáanlegt útgáfuefni Október á staðnum hvað öðru betra.

Lítið inn og takið þátt í örri þróun forlags og búðar um leið og þið eignist úrvalsrit á lægsta verði í bænum.

Október-búðin er opin frá 5-7 mánudaga til föstudaga og 1-3 á laugardögum.

Kappræðufundinum frestað

Þriðji kappræðufundur EIK(m-l) í Reykjavík, sem auglýstur hafði verið fimmtudaginn 7. des., er frestað af óviðráðanlegum ástæðum. Þráðurinn verður tekinn upp að nýju 18. febrúar kl. 20.00 (ath. breyttan tíma!) að Hótel Esju. Nánar um þann fund síðar.

Baráttuhreyfing 1. des. Síðasti liðsfundur 14. des.

Síðasti liðsfundur Baráttuhreyfingar, sem ákveðinn hefur verið, verður haldinn í Sóknarsalnum Freyjugötu 27 fimmtud. 14. des. nk. kl. 20.30. Dagskrá m.a.

1. Reynslan af starfinu, mat á árangri, mistök og lærdómar - framsaga frá framkvæmdanefnd, almennar umræður.
2. Menningarefni.
3. Framhald starfsins.

Áríðandi er að sem allra flestir mæti.

Framkv. nefnd

Stefnt að enn frekari skerðingu námslána?

Undan farin ár hefur Alþýðubandalagið talað um það bæði á Alþingi og utan að námskjörin séu slæm. Það hefði því átt að vera því kærkomið tækifæri til að gera eitthvað í málinu er það hreppti embætti menntamálaráðherra í nýju ríkisstjórninni í haust.

En það eru greinilega fleiri mál en hermálið sem eiga að bíða. Enn bólar ekki á efndum, hvorki um hærri upphæð námslána né betri endurgreiðslukjör. Raunar virðist ríkisstjórnin, með fjárlagafrumvarpi sínu stefna að lækkun námslána þar sem alltof lág upphæð er ætluð til lánasjóðsins. Samkvæmt því mun vanta um 500 milljónir króna upp á að hægt verði að lána námsmönnum sömu upphæð og hingað til, eða 85% af alltof lágu framfærslumati sjóðsins.

Raunar er það ofur eðlilegt að við námsmenn fáum engar kjarabætur þegar aðrir hópar láglaunaðs fólks fá að taka á sínar herðar kjaraskerðingu frá ríkisstjórninni, eins og á að gerast nú 1. des. Hið merkilega er hins vegar að Alþýðubandalagið er sá borgaralegu stjórnmálaflokkanna sem fjálglegast hefur vaðið elginn um að bæta þyrfti kjör hinna lægst launuðu. Einnig hefur það lofað námsmönnum stuðningi.

Námsmenn hlióhollir Alþýðubandalaginu, sem sitja í forsvari fyrir háskólastúdenta, hafa ná riðið á vaðið í Stúdentablaðinu til að forsvara aðgerðir (eða réttara sagt aðgerðaleysi) Alþýðubandalagsins í málinu. Hið gullna ráð er að kenna Framsóknarmönnum (Tómasi fjármálaráðherra) um að sjóðnum skuli ekki hafa verið tryggt nægt fé. Aðalforsíðugrein síðasta Stúdentablaðs (nr.8) heitir "Ragnar vill - Tómas tefur". Greinin er stutt og gengur öll út á að afsaka Alþýðubandalagið og er "velvilji" Ragnars þakkaður óspart og lofaður.

Næstsíðasta málsgrein greinarinnar: "Fáist á hinn bóginn ekki fé til að standa straum af breytingunum dugar lítt góður vilji ráðherra"; sýnir þó afar vel hversu valt er fyrir okkur að treysta á þingræðisflokkana og þeirra "baráttu" fyrir bættum kjörum okkar.

Við kommúnistar meðal námsmanna höfum klifað á því að ekki stoði hót að bíða og treysta á að einhver "reddi" málunum fyrir okkur. Við höfum ekki trú á að lánakjörin batni verulega fyrr en við höfum myndað með okkur öfluga baráttufylkingu (samfylkingu) sem berst fyrir hærri námslánum og gegn okurendurgreiðslum. Við minnum á í því sambandi að ríkisvaldið, lánadrottinn okkar, er enn sama ríkisvaldið og það var í vor þrátt fyrir ríkisstjórnarskipti.

Nýjustu fregnir herma að lausnarorð hinnar nýju stjórnar lánasjóðsins sé að færa fé á milli námsmanna miðað við það sem nú er. Á kreiki eru hugmyndir frá formanni stjórnarinnar, sem er Alþýðubandalagsmaður, um að námsmaður sem á útivinnandi maka, hafi það gott miðað við aðra námsmenn. Skuli því skerða lán slíkra til hagsbóta fyrir aðra. Gegn slíkum hugmyndum ber námsmönnum eindregið að berjast. Við teljum það vera undanslátt í baráttunni að samþykkja slíkt, og hvetjum námsmenn til að vera á varðbergi gagnvart þessum hugmyndum. M.a. hefur Össur Skarphéðinsson, fulltrúi Stúdentaráðs í stjórn Lánasjóðsins, lýst því yfir að hann telji þessa hugmynd koma til greina. Jafnframt hefur hann lýst yfir því að hann telji réttast að stúdentar kjósi um atkvæði hans varðandi breytingar á úthlutunarreglum sjóðsins (Stúdentablaðið, nr. 8-1978, bls. 3).

Tilfærsluhugmyndin heitir öðru nafni "launakökukenning" og hefur VB oft minnst á hana áður. Í "launakökukenningunni" felst að ástæða lágra launa(í þessu tilfelli lágra lána) hjá einum hópi sé að einhver annar hópur fái of mikið. En ástæða lágra námslána þorra námsmanna er alls ekki að námsmenn, sem eiga útivinnandi maka, fái of há lán. Ástæðan er sú að ríkisvaldið skammtar okkur skít úr hnefa og gildir einu hvort Alþýðubandalagið er í ríkisstjórn og hefur meirihluta í stjórn Lánasjóðsins, eða ekki.

Það er grundvallaratriði fyir okkur námsmenn að samþykkja ekki "launakökukenninguna". Við krefjumst fullra námslána án þess að námslán nokkurra annarra verði skert.

EIK(m-l) í H.Í.

Fá námsmenn framfærslu barna sinna metna að fullu í nýjum úthlutunarreglum Lánasjóðsins?

Gerum stéttarfélögin að baráttutækjum

„Samningana í gildi" - rétt krafa!

Í 19.tbl. birtist bréf frá iðnnema, sem sagði það skoðun sína að EIK(m-l) hefðu átt að taka undir kröfuna "samningana í gildi" s.l. vetur og vor, og fylgja henni eftir fram á þennan dag. Blaðið bað strax verkalýðsmálafulltrúa miðstjórnar samtakanna að svara bréfinu hér í blaðinu, en vegna mistaka hefur svarið ekki birst fyrr en nú. Í svarinu segir hann eftirfarandi:

"Ég vil þakka bréfið frá iðnnema. Samtökunum og blaðinu er mikilvægt að fá fram gagnrýni á stefnu sína og starf. Þannig leiðréttum við villur okkar og komum í veg fyrir rangan starfsstíl samtakanna.

Ég tel margt benda til að iðnnemi hafi rétt fyrir sér, þ.e. að EIK(m-l) hafi tekið skakkan pól í hæðina með því að vera andstæð kröfunni um "samningana í gildi". Í stað þess settu samtökin fram kröfuna 150 þús. króna lágmarkskaup sem lágmarkskröfu.

Ég tel sem sagt, að réttara hefði verið að taka þátt í baráttunni um "samningana í gildi", eins og iðnnemi segir. Höfuðáherslan hefði átt að vera á vörn samningsréttarins gagnvart árásum ríkisvaldsins, en hins vegar jafnframt að berjast gegn sífelldum undanslætti og svikum toppanna í verkalýðshreyfingunni, sem birðust fyrir "samningana í gildi" í orði en ekki á borði.

Sé þetta rétt mat, þá er er ljóst að Einingarsamtökin hafa gert sig sek um alvarlega villu og ekki gengið í takt við það sem alþýða manna var reiðubúinn að berjast fyrir.

Þessi atriði og ýmiss fleiri í tengslum við verkalýðs- og kjaramál eru nú til umræðu innan EIK(m-l) og endanleg niðurstaða mun birtast síðar."

Fyrirspurn um andstöðulið

Líf er að færast í umræðu um verkalýðsmálastarf EIK(m-l). Gott er það og nauðsynlegt. Lesandi á Norðurlandi sendi langt bréf með spurningum og athugasendum, en ritsjórn dró saman helstu atriðin úr bréfinu til birtingar og hefur jafnframt óskað eftir að verkalýðsmálafulltrúi EIK(m-l) svari því sem fyrst. Norðlendingur segir:

"Í ýmsu útgáfuefni EIK(m-l) hefur meginstefna baráttusinna í verkalýðshreyfingunni verið skýrð þannig, að það bæri að mynda "andstöðulið" innan verkalýðsfélaga, þá væntanlega gegn forystu viðkomandi félaga, á grundvelli kjörorðanna "Sameining verkalýðs á grundvelli stéttarhagsmuna - gegn stéttasamvinnu" (sjá t.d. Rauðliðann nr. 3 1977 bls. 121-125). Í Rauðliðagrein þessari eru rakin þróunarstig andstöðuliðanna, eins og þau myndu líklega vera og hún talin þannig í grófum dráttum:

"Á fyrsta stigi er náð saman kjarna í andstöðuliðið og baráttustefna gerð sameign hans með skipulegum umræðum og starfi eftir mætti í stéttarfélaginu. Á öðru stigi er þessi kjarni hertur starfrænt og pólitískt, en höfuðverkefnið er að ná fjöldatengslum. Á þriðja stiginu leiðir andstöðuliðið fjöldabaráttu og vinnustaðavirkni eykst mjög. Myndaðir eru vinnustaðahópar. Fjórða stig andstöðuliðsins er svo þegar stéttarfélagið verður baráttutæki sem árangur af því að stjórn þess er í höndum andstöðuliðsins og hefur virkan stuðning hins vinnandi fjölda sem er meðvitaður um baráttustefnuna". (RL, nr. 3 '77 bls. 123).

Nú spyr ég: a) Hefur reynsla ykkar staðfest framangreint, er þetta lýsing á verkalýðsmálastarfi EIK(m-l) í verki? b) Er ekki með þessu vanmetið starfið á vinnustöðunum sjálfum, þar sem þið teljið skipulagt vinnustaðastarf ekki koma fyrr en á þriðja þróunarstigi andstöðuliðannna?

Ég tel að vinnustaðastarfið eigi að skipa öndvegið og sé algjör forsenda skipulagðar andstöðu í heilu verkalýðsfélagi. Þess vegna tel ég stefnu EIK(m-l), eins og hún birtist hér að framan, ranga og lítt nothæfa í starfi. Hún lítur vel út á pappírnum, en það hefur hingað til dugað ansi skammt! "

Skoðanaskipti um verkalýðsmál

Hvað eru fjárlög?

Nú um þessar mundir er orðið fjárlög mikið notað. Hvað felst á bak við orðið? Með orðunum fjárlög er átt við fjárhagsáætlun ríkisins, ríkisfjárlög. Valdamenn vilja að almenningur trúi því að ríkisfjárlögin séu hlutlaus ráðstöfun tekna þeirra sem ríkið aflar, að almannafénu sé varið í almanna þágu. Er þetta rétt? Alls ekki. Öll lög þjóna valdahlutverki og einnig fjárlög. Lög eru notuð sem tæki valdhafa til að viðhalda valdinu. Fjárlög eru m.a. notuð til að viðhalda auðvaldinu. Karl Marx sagði að fjárhagsáætlun auðvaldsríkis væri ekkert annað en stéttarfjárhagsáætlun, fjárhagsáætlun fyrir borgarastéttina.

Á Íslandi, sem og í öðrum auðvaldssamfélögum, er ríkisvaldið valdatæki borgarastéttarinnar. Fjárlögin ár hvert eru þannig hluti þess valdatækis. Þau eru notuð til þess að tryggja auðvaldinu gróða. Þetta sjáum við hvað best þegar kreppa tröllríður efnahagslífinu. Í gegn um fjárlögin stýrir auðvaldið gróðamynduninni. Með því að nota sífellt stærri hluta þess fjár sem ríkið innheimtir í formi skatta til þess að styðja við bakið á atvinnurekendum, forðar það fyrirtækjum frá því að fara á hausinn. En þessi stærri hluti verður þá tekinn af fé sem annars rynni annað, t.d. til menningarmála, vísinda, alþýðufræðslu og heilbrigðismála, enda þótt þessir liðir séu að öllu jafnaði mjög óverulegur hluti ríkisútgjalda. Núna er kreppa á Íslandi. Þetta sést í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar á því að skerfur óframleiðinna greina er minni. Umhyggjan fyrir atvinnurekstrinum er í algeru fyrirrúmi í frumvarpinu og einnig í umfjöllum allra flokkanna. Þessi umhyggja er fyrst og fremst umhyggja fyrir gróða atvinnurekenda.

Fjárlögin eru notuð til þess að yfirfæra hluta af tekjum vinnandi fólks (skattana) til atvinnurekenda og þau eru notuð til þess að grípa inn í gerða launasamninga og til þess að halda launum niðri.

SÓKN HAFNAR TILMÆLUM....

framhald af forsíðu

undirbúið sig vel undir fundinn. Ein þeirra kom upp í ræðustól og sagði frá kröfum barnaheimilisstúlkna um bætt námsskeið og í vinnutíma. Starfsstúlkur á barnaheimilum hafa komið saman nokkrum sinnum og rætt hugmyndir sínar um námskeiðin og aðrar sérkröfur.

Félagsfundurinn ákvað að aðrir hlutar sóknarstúlkna þyrftu að gera slíkt hið sama. Á vinnustöðum Sóknar á að halda fundi þar sem ræddar verða kjarakröfur og sérkröfur félagsins. Hver fundur kýs nefnd til að ganga frá hugmyndum fundarins og ein stúlka úr þeim hópi verður lykilmanneskja í baknefnd félagsins. Fundasería þessi verður væntanlega farin af stað þegar þessi grein birtist.

180.000 kr. lágmarkslaun - hækkað vaktaálag

Engar kröfur voru ákveðnar á fundinum, en athyglisvert er að stjórn Sóknar lagði engar hugmyndir að kröfum fram fyrir félagskonur. Formaður félagsins talaði aðeins almennt um hækkað vaktaálag til samræmis við BSRB. Hins vegar komu upp í ræðustól konur sem sögðu það mikilvægt að félagið krefðist 180.000 kr. lágmarkslauna og hækkaðs vaktaálags úr 33% upp í 45% á kvöldin, og 55% um nætur og um helgar. Nái þessar kröfur fram að ganga munu sóknarstúlkur ná launajafnrétti á við karlmenn sem vinna sömu störf.

Deilur um útgáfu félagsblaðs

Á félagsfundinum kom fram tillaga um að ritnefnd yrði kosin sem bæri ábyrgð á að gefa út félagsblað. Blaðið verði notað til að þjappa sóknarstúlkum saman í komandi kjaraátökum. Sóknarstúlkur ákváðu á fundi sl. vetur að gefa út félagsblað en sú samþykkt hefur ekki komið til framkvæmda. En nú brá svo við að Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir lagðist gegn tillögunni á þeim forsendum að slík útgáfa yrði of dýr.

Atkvæðagreiðsla um tillöguna sýnir mikinn baráttuhug fundarkvenna því að meirihluti þeirra greiddi atkvæði með tillögunni. Var að lokum sæst á að kjósa nefnd sem kanni kostnað við blaðaútgáfu og beri ábyrgð á útgáfu blaðs.

Snúum vörn í sókn

Þó að góður árangur hafi náðst á fundinum er sigurinn ekki í höfn. Sókn hefur nú hafnað forræði ASÍ-forystunnar og verður að treysta á eigin krafta. Á félagsfundinum kom formaður félagsins fram sem úrtölumanneskja en ekki sem forystukona fyrir baráttu. Sóknarkonur þurfa að vera á varðbergi því úrtölumenn ganga sjaldan heilir til baráttu. Sóknarkonur verða að þjappa sér saman um kröfur sínar og vera óhræddar við að berjast til að ná þeim fram.

Félagar í Sókn!

Sýnum viðsemjendum okkar að það er dugur í okkur. Við höfum verkfallsréttinn í höndum okkar - verum óhræddar við að beita honum ef þörf krefur.

Framfylgjum kjörorðum fundarins, snúum vörn í sókn!

Verkalýðsfréttaritari.

Sjá einnig frá fréttaritara í opnu.

Sóknarverkfall 15. janúar?

Starfsmannafélagið Sókn lýsir yfir, að kaupliðir kjarasamninga skuli vera lausir áfram og farið fram á viðræður um launamál félagsins. Trúnaðarmannaráð félagsins skuli hafa verkfallsrétt frá og með 15. janúar, hafi samningar þá ekki tekizt.

Höfuðkrafan er að fá álög á laun Sóknarfélaga hækkuð til samræmis við það, sem annað starfsfólk í sjúkrahúsum og barnaheimilum hefur. Félagsmenn í BSRB, sem vinna hliðstæð störf við hlið Sóknarfélaga, hafa nú þriðjungi til helmingi hærri laun í sjúkrahúsum og geta farið í um 30 þúsund króna hærri mánaðarlaun á barnaheimilum, segja Sóknarkonur.

Sókn krefst einnig frekari fræðslunámskeiða, sem séu stöðugt í gangi. Þetta yrðu endurmenntunarnámskeið, sem færðu Sóknarfélögum verulegar kjarabætur og gerðu starfsfólk hæfara. Mikill skortur er á lærðum fóstrum, þannig að algengt er, að Sóknarkonur séu yfir deildum á barnaheimilum.

Sókn óskar eftir viðræðum við BSRB um „sameiginleg hagsmunamál" og vonast til, að þær geti hafizt fljótlega.

-HH.

Aðgerðir Baráttuhreyfingar 1. desember

Föstudagur 1. desember

Kl. 17.00 : Útifundur á lækjartorgi. Ávarp. Ljóðalestur. Fjöldasöngur.

Kl. 17.15 : Blómsveigur lagður að styttu Jóns Sigurðssonar á Austurvelli. Ávarp. Fjöldasöngur.

Laugardagur 2. desember

Kl. 15.00 : Baráttuhátíð í Glæsibæ, stóra salnum í kjallara. Fjölbreytt dagskrá, m.a. :

1. Stutt ávörp um baráttumál dagsins og starfið.
2. Samfelld dagskrá um sjálfstæðisbaráttuna með leik, upplestri og söng.
3. Vísnavinir flytja nokkur lög.
4. Nafnlausi sönghópurinn kemur fram.
5. Fjöldasöngur.
6. Smásaga eftir Ara T. Guðmundsson.

- og margt fleira.

Barnagæsla. Kaffiveitingar.

Fjársöfnun.

MÆTUM ÖLL !!

GERUM 1.DES. AÐ BARÁTTUDEGI !

STEFNUGRUNDVÖLLUR BAR.HR. 1. DES.

1. Verjum sjálfræði Íslands!
2. Gegn erlendri stóriðju!
3. Ísland úr NATO - herinn burt!
4. Gegn stríðsundirbúningi og heimsvaldastefnu risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna.

Lúðvík Jósepsson:

● Stéttaátökin um skiptingu þjóðarteknanna



Orsök verðbólgunnar er stétta

Flokksráðsfundur Alþýðubandalagsins er ný afstaðinn. Flokksráðsfundurinn kaus nýja miðstjórn og afgreiddi stjórnmálaályktun.

YFIRBORÐSÁLYKTANIR ALÞÝÐUBANDALAGSINS

Með kosningasigur Alþýðubandalagsins í huga og ástand mála bæði hér innanlands og í heiminum öllum var e.t.v. búist við einhverju bitastæðara en því sem stjórnmálaályktunin inniheldur. Ályktunin er varla annað en uppskrifuð ræða eftir Lúðvík á Alþingi.

Alþýðubandalagið á sér ekki slíkan heim að hann nái út fyrir landamörk Íslands og ekki niður úr því hversdagslega yfirborði sem bergmálar í sölum Alþingis. Alþýðubandalagið sem kallar sig "sósílaíska flokk og "verkalýðsflokk" ályktar ekki um ástandið í íslensku auðvaldsþjóðfélagi, heldur um vanda íslenskra atvinnuvega. Umhyggjan fyrir auð og auðherrum geislar skærar en umhyggjan fyrir vinnandi höndum. Í ályktun flokksráðsfundarins er ekki fjallað um kreppuna í íslenska auðvaldsþjóðfélaginu né heldur um djúðstæða kreppu alls auðvaldsheimsins. Alþýðubandalagið hefur líka "gleymt" að ályktа um það að alþýða í öðrum löndum á í baráttu, að hernaðarrisarnir stefna hröðum skrefum á nýtt heimsstríð, og að allt þetta er kirfilega samtvinnað og tengt þjóðfélagsástandinu á Íslandi og baráttu íslenskrar alþýðu.

Það eina sem Alþýðubandalagið í raun segir í ályktun sinni er, að vandinn verði leystur með "vinstri" stefnu innan sama auðvaldskerfis og búið hefur vandann til.

KAUPRÁNIÐ

Samkvæmt gildandi samningum eiga laun að hækka um rúm 14% þann 1. des. Samningarnir gera ráð fyrir að þessi hækkun verði í beinum peningagreiðslum. Nú kemst "verkalýðsflokkurinn" að því að þetta sé allt of mikið til að kerfið þoli það. 6-7% er ráðleg hækkun, en afgangurinn komi óbeint. Vinnandi fólk á Íslandi er farið að þekkja þessar óbeinu launabætur í formi "ráðstafana" , sem alltaf eru kostaðar af fé, sem sótt er í vasa þess sjálfs. Af þessum 7-8% sem Alþýðubandalagið vill skera af launahækkuninni 1. des. og láta greiðast óbeint, eiga atvinnurekendur aðeins að bera 2%. Hin prósentin eiga svo að koma með tíð og tíma, þegar þeir peningar, sem af launahækkuninni eru skornir, eru orðnir að engu.

Með tillögum sínum er Alþýðubandalagið að ráðast á gerða samninga verkalýðshreyfingarinnar við atvinnurekendur. Nú eru flestir forkólfa ASÍ í Alþýðubandalaginu og sátu flokksráðsfundinn og hafa sjálfsagt samþykkt stefnuna. Samþykkt að kyppa úr sambandi þeim ákvæðum samninganna sem þeir þóttust berjast sem mest fyrir, þegar þeir voru gerðir.

STÉTTASAMVINNAN

Á einum stað í ræðu sinni til flokksráðsfundarins nefndi Lúðvík stéttaátök á Íslandi. Í hvaða sambandi? Hann sagði að "megin skýringin á hinni miklu verðbólgu hér stafar af þeim stéttaátökum sem hér hafa staðið, þar sem hægrisinnað ríkisvald hefir æ ofan í æ gert ráðstafanir til að breyta því hlutfalli í skiptingu þjóðartekna, sem um hefur verið samið í almennum samningum."

Margt er að segja um þessa klausu, sem þó er aðeins ein stutt úr tveggja síðna grein í Þjóðviljanum.

Eru stéttaátökin orðin orsök verðbólgunnar? Ef svo er þá er lausnin á verðbólgunni stéttafriður. Þetta er bæði skýring og lausn Lúðvíks Alþýðubandalagsformanns. Að setja fram slíka stefnu og vinna að framkvæmd hennar hefur alla tíð verið kallað stéttasamvinna. Er til ríkisvald sem er stundum hægrisinnað og stundum vinstrisinnað? Ef svo er þá gerast byltingar ört á Íslandi. En í huga og starfi Lúðvíks er það einmitt þannig, og Alþýðubandalagsforystan tekur undir í kór. Staðreyndin er samt sú að ríkisvaldið er alltaf hægrisinnað í auðvaldslöndum og þetta hægrisinnaða ríkisvald gerir alltaf ráðstafanir til að tryggja stétt sinni, auðstéttinni, gróða. Slíkar ráðstafanir eru nú að fara af stað enn einu sinni og það með tillögur Alþýðubandalagsins innanborðs. Það er einnig kallað stéttasamvinna, þegar forysta verkalýðssamtakanna beitir flokki sínum fyrir aðgerðum ríkisvalds gegn vinnandi fólki.

TÖFRAÞULAN "FÉLAGSLEGAR UMBÆTUR"

Tillögur Alþýðubandalagsins um félagslegar ráðstafanir, sem koma eiga sem mótvægi við 7-8% kauplækkun eru sérstakur kafli í feluleiknum. Nokkur atriði skulu tekin og skoðuð hér. Þjóðviljinn segir 23. nóv. að verið sé að ræða allt þetta í smáatriðum innan AB. "Er þar fyrst og fremst rætt um löggjafaratriði eða bein framlög hins opinbera eða atvinnurekenda til réttindamála launafólks." Fyrsta atriðið er "Útvegað verði lánsfé handa þeim atvinnurekendum sem bæta vilja aðbúnað á vinnustöðum og ýtt á eftir framkvæmdum á þessu sviði með sérstakri herferð". Tillaga AB er að lána auðvaldinu meira fjármagn til þess að það geti hagrætt í framleiðslunni, t.d. komið upp fullkomnari og verkalýðsfjandsamlegri bónus. Þetta er "framlag til réttindamála launafólks" í augum Alþýðubandalagsins. Annað atriði er að "sett verði í

J. Stalin:

síðari hluti

Hér birtist annar kafli greinar um sjálfsákvörðunarrétt þjóða eftir J. Stalín. Þessir kaflar eru teknir úr riti Stalíns, Marxisminn og vandamál þjóðerni og nýlendna. Birting þessara kafla tengist þeirri baráttu sem nú fer fram með starfi Baráttuhreyfingar 1. desember.

Hvert er inntak þjóðernismálsins á vorum tímum, þegar því hefur verið breytt frá því að vera einangrað innanríkismál yfir í það að vera alþjóðlegt mál, spurning um baráttuna sem nýlendur og háðar þjóðir heyja gegn heimsvaldastefnu? Inntak þjóðernismálsins á vorum tímum felst í baráttunni sem alþýðan í nýlendunum og alþýða þeirra þjóða sem eru öðrum háðar heyr gegn arðráni, gegn pólitískri kúgun og gegn þeirri útþurrkun á menningu sem heimsvaldasinnuð borgarastétt herraþjóðarinnar beitir þessar þjóðir.

Hvaða þýðingu getur samkeppnin milli borgarastétta ólíkra þjóða haft, þegar þjóðernismálið er lagt þannig fram? Örugglega ekki úrslitaþýðingu, og í sumum tilvikum ekki einu sinni mikilvæga þýðingu. Það liggur í augum uppi, að meginatriðið er hér ekki, að borgarastétt einnar þjóðar sé að verða ofan á, eða muni verða ofan á, í samkeppninni við borgarastétt annarrar þjóðar, heldur að heimsvaldasinnaður hluti herraþjóðarinnar arðrænir og undirokar fjöldann, fyrst og fremst sveitaalþýðuna, í nýlendunum og meðal þeirra þjóða, sem eru öðrum háðar, og að með því að undiroka þær og arðræna draga heimsvaldasinnar þær inn í baráttuna gegn heimsvaldastefnunni og gera þær að bandamönnum öreigabyltingarinnar. Ekki er hægt að líta svo á að þjóðernismálið sé að inntaki spurning um sveitaalþýðuna, ef félagsleg þýðing þjóðernishreyfingarinnar er þrengd niður í það að fela aðeins í sér samkeppni milli borgara ólíkra þjóða. Og á hinn bóginn er ekki hægt að líta svo á að samkeppnin milli borgara ólíkra þjóða feli í sér félagslega þýðingu þjóðernishreyfingarinnar, ef inntak þjóðernismálsins er talið spurningin um sveitaalþýðuna. Þetta tvennt má undir engum kringumstæðum leggja að jöfnu.

(Marxisminn og vandamál þjóðernis og nýlendna, s. 329-30, bandarísk útg. 1975)

Um sjálfsákvörðunarréttinn

Myndagá

Hér birtist myndagáta, sem blaðinu hefur bo einum lesenda sinna. Lausn verður birt í næs Við notum tækifærið til að hvetja lesendur til okkur meira af slíku efni.



Lagt á ráðin á flokksráðsfundi. Þarna er Einar Olgeirsson e.t.v. að segja Lúðvík hvernig hægt sé að gera ríkisvaldið vinstrisinnað.

átökin

lög lágmarksákvæði um rétt launafólks í veikinda- og slysatilfellum." Eru ekki til lágmarksákvæði í lögum og samningum um réttindi og tryggingu í veikinda- og slysatilfellum? Jú. En slíkt verður vissulega að bæta. Á það að gerast með því að vinnandi fólk borgi fyrir það með lægri launum? Nei, að sjálfsögðu ekki. Slíkt hefur aldrei tíðkast í baráttuhefðum verkalýðshreyfingarinnar. Öryggi í veikinda- og slysatilfellum er ekki mál sem verslað skal með. Þetta eru sjálfsögð réttindi, sem vinnandi fólk verður að sækja, eins og önnur réttindi, en ekki kaupa þau, eins og tillaga AB gerir ráð fyrir.

Önnur atriði í tillögum Alþýðubandalagsins eru í sama dúr og fyrrnefnd atriði. Þetta eru að hluta ekki forkastanleg mál sem baráttumál. En þessi mál eru sett fram af Alþýðubandalaginu sem dúsa til að blekkja vinnandi fólk til fylgis við kjararánsstefnu flokksins.

Styðjum íbúasamtökin

Húsnæðismál landsmanna einkennast af skorti á ódýru og nægu húsnæði öðru fremur. Þetta er nokkuð misjafnt eftir þéttbýlisstöðum. Verst er staðan í Reykjavík og stærstu kaupstöðunum.

Lítil hreyfing hefur verið meðal leigjenda og kaupenda úr hópi alþýðu til baráttu og úrbóta. Svo virðist sem það sé að breytast.

Á 60-70 árum hefur búseta landsmanna algjörlega breyst. Um aldamótin bjuggu 10-15% landsmanna í þéttbýli en 85-90% í sveitum landsins. Nú er þessu öfugt farið. Þessi þróun er í sjálfu sér næsta eðlileg ef undanskilin er búseta og auðlindanýting afskekktra landssvæða sem er stöðvuð vegna gróðasjónarmiða auðvalds og ríkisvalds þess.

En öfugþróunin lýsir sér aftur á móti í því að hinni vaxandi verkalýðsstétt og vinnandi fólki millistéttarinnar í bæjunum er ekki tryggt nægt og ódýrt húsnæði. Húsaleiga er há og háð framboði og eftirspurn. Ekkert eftirlit er með leiguupphæð og húsnæðinu. Íbúðaverð er hátt, lánabyrði þung og langtímagreiðsla t.d. í formi "kaupleigusamnings" í raun ekki til. Verstur er þó húsnæðisskorturinn - fyrst og fremst á leigumarkaði.

Þessi staða leiðir annars vegar til sífelldra flutninga og öryggisleysis. Menn lenda í skuldasúpu mikilli og vinnuþrælkun verður óhjákvæmileg.

Annar angi öfugþróunarinnar kemur fram í lítilli umhverfisvernd og verndun og lélegri nýtni eldri bygginga. Umhverfi húsa, sérstaklega í nýrri hverfum, er fráhrindandi. Eldri hús eru skemmd, rifin eða notuð til annars en íbúðar. Braskarar, fyrirtæki og stofnanir kaupa hús og lóðir í gróðaskyni, til bílastæða eða til niðurrifs.

Þessi staða leiðir til þess að eldri hlutar bæjanna "deyja", fólk fælist umhverfið og mikilvæg menningarverðmæti eru eyðilögð.

Orsakir

Það eru lögmál og jafnframt stjórnleysi auðvaldsskipulagsins sem er undirrót öfugþróunar húsnæðismála. Gróðasóknin ræður. Launafólkinu verður að þjappa sem mest saman, framfærsla og aðbúnaður verður að kosta atvinnurekendur og ríkisvaldið sem minnst. Launin eru lág, húsnæðið sem næst því er þarf til að hjól atvinnulífsins geti snúist. Og húsnæðið er að auki einn gróðavegur þeirra sem eiga fé til að halda eignum til leigu eða geta keypt og selt til annars en einkanota.

F. Engels, einn frumkvöðla marxismans, segir svo í bæklingi sínum "Um húsnæðisvandamálið":

> "... hann (húsnæðisskorturinn, höf.) er óhjákvæmileg afleiðing þjóðfélags auðstéttarinnar. Skorturinn er óhjákvæmilegur í þjóðfélagi þar sem hinn mikli fjöldi launafólks á allt sitt undir launum" (bls.14).

Engels lýsir síðan hvernig tækninýjungar og kreppur kalla fram atvinnuleysi og þörf á aukavinnuafli á víxl ofl. Síðan segir:

> "...verkafólkið þyrpist í stórum hópum til borganna, hraðar en svo að núverandi skipulag sjái því fyrir íbúðum. Það verður því alltaf leigjendur, jafnvel í verstu svínastíunum. Húseigandinn, sem auðmagnseigandi, hefur ekki aðeins rétt, heldur ber honum einnig skylda til að nýta leiguhúsnæði sitt til sem mestrar gróðasöfnunar, einmitt vegna samkeppninnar. Í svona þjóðfélagi er húsnæðisskorturinn ekki "slys" - hann er nauðsynlegur hluti þess og aðeins hægt að útrýma honum ásamt áhrifunum á heilsu fólks ofl. með því að umbylta öllu þjóðfélaginu sem er undirrót skortsins." (42.bls. sovésk útg.1960)

Grjótaþorp

Ný hreyfing

Nú síðustu ár hafa hagsmunasamtök íbúa og leigjenda smám saman séð dagsins ljós. Auk þess hafa verkamannabústaðir bætt dálítið úr, þó svo flestar samþykktir í stéttarfélögunum séu pappírsgögn.

Með átaki er vissulega hægt að knýja fram breytingar á stöðu húsnæðismála. Þess vegna eru samfylkingar leigjenda og t.d. íbúahverfa eða bæja jákvæð byrjunarskref.

Leigjendasamtökin voru stofnuð sl. vor í Reykjavík. Fram til þessa hafa þau hvorki náð til umtalsverðs fjölda né skipulagt starf í þá átt. Samtökin eru fyrst og fremst skrifstofustofnun. Þau verða að taka upp sóknardjarfari stefnu og betra fjöldastarf. Til þess verða fleiri að taka til starfa með þeim.

Íbúasamtök í Reykjavík eru nú þrjú talsins auk Framfarafélags Breiðholts, þ.e. í Vesturbæ, í Grjótaþorpi og í Þingholtunum. Öll eru þau frekar fámenn og hægfara enn sem komið er, en lífleg engu að síður. Má minna á að Vesturbæingar tóku þátt í könnun á dagvistunarþörf í sínu hverfi, en Grjótaþorpsbúar reyndu að hindra niðurrif húsa í hverfinu. Starf Þinghyltinga er nýhafið.

Öll íbúasamtökin verða að hafa fjöldastefnu og góða skipulagningu starfs að leiðarljósi. Forystan má ekki vera á kafi í öðrum félagsmálastörfum eins og oft vill verða. Verkefnin verða ekki leyst með "góðum samböndum" eða trausti á borgaryfirvöldum.

Kommúnistar hvetja eindregið íbúa fyrrnefndra hverfa í Reykjavík til að ganga til liðs við íbúasamtökin. Íbúa annarra hverfa hvetjum við til að stofna eigin hagsmunasamtök.

áta

orist frá
ta blaði.
l að senda



Vinnustaðafundur á Kópavogshæli

Nokkrum dögum eftir félagsfund Sóknar komu starfsstúlkur á Kópavogshæli saman til fundar. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður félagsins mætti á fundinn fyrir hönd stjórnar. Nokkuð skarst í odda milli Aðalheiðar og trúnaðarkonu annars vegar og starfsstúlkna hins vegar. Aðalheiður sagði að félagið ætti fyrst og fremst að berjast fyrir hækkun vaktaálags en vonlaust væri að ná fram nokkurri hækkun á grunnkaup. Voru starfsstúlkur óánægðar með þetta, ekki síst ræstingarkonur og stúlkur á saumastofunni sem ekki vinna vaktavinnu. Fundurinn kaus 9-manna nefnd úr sínum hópi til að ganga frá kröfum starfsstúlkna á Kópavogshæli.

Verkalýðsfréttaritari

Baráttuhreyfing 1. des.:

Endaspretturinn eftir

Fimmtud. 23. nóv. sl. var haldinn 3. liðsfundur Baráttuhreyfingar 1. des. í Reykjavík. Matthías Sæmundsson flutti fræðsluerindi um andheimsvaldabaráttuna og umræður voru um það efni. Auk þess var rætt um starfið fram til 1. des. og undirbúning aðgerða hreyfingarinnar. Hreyfingin hefur gefið út nýtt efni til notkunar í áráðursstarfinu þessa síðustu viku: 1) dreifirit, sem dreift verður í fjöldaupplagi, 2) límmiða til að festa á plaköt og víðar með auglýsingu um aðgerðir hreyfingarinnar. Mikill hugur var í fundarmönnum að taka nú góðan endasprett þann skamma tíma sem eftir er og stefna að stórum og glæsilegum aðgerðum.

ÖFLUGT STARF Á LAUGARVATNI

Baráttuhreyfingin stendur fyrir öflugu starfi á Laugarvatni. Þrír liðsfundir hafa verið haldnir, þar sem mætt hafa 25-30 manns í hvert sinn. Á dagskrá hafa verið fræðslu- og skemmtiefni, auk umræðna um starf og undirbúning baráttufundar í tilefni 1. des. Sá fundur verður haldinn miðvikudagskvöldið 29. nóv. kl. 20.30 í matsal menntaskólans. Á

Frh.á bls.7

Lönd vilja sjálfstæði - þjóðir vilja frelsi - alþýðan vill byltingu

Vopnakapphlaupið ógnar heimsfriðnum

Þó furðuleg megi virðast þá er fyrirsögn þessi,hér að ofan, tilvitnun úr ræðu sem Gromyko utanríkisráðherra Sovétríkjanna hélt á fundi í Sameinuðu þjóðunum 26. september.

"Stríðshættan eykst með stöðugum nýjungum í gerð gereyðingarvopna", sagði Gromyko meðal annars. En hann sagði líka, "Fólk má ekki sætta sig við ásakanir eins og að "Sovétríkin ógna heimsfriðnum". Þvílík fullyrðing er algjörlega röng!!

Þannig reynir Gromyko að slá ryki í augu fólks og að koma sér undan að segja sannleikann um hverjir það eru sem vígbúast af mestu kappi og undirbúa sig fyrir stríð.

En hver er sannleikurinn um "friðar og afvopnunarstefnu" Sovétríkjanna.

Gromyko sagði: "Það er staðreynd sem allir verða að horfast í augu við að stórum fjárfúlgum er eytt til framleiðslu gereyðingarvopna. Það er einnig staðreynd að um 25 milljónir manns finnast í herbúningum á friðartímum og miklu fleiri sem taka þátt í beinni vopnaframleiðslu".

Gromyko hefur rétt að mæla. Í fjárlögum fyrir árið 1976 voru í Sovétríkjunum veitt um 127 milljarðar dollara til hernaðarmála. Þetta er 24% meira en það sem Bandaríkjamenn veittu til hernaðarmála á sama tímabili.

Fjárveiting til hernaðarframleiðslu í Sovétríkjunum hefur aukist um 5% á ári.

Vopnaður herstyrkur Sovétmanna telur nú meira en 4,5 milljónir manns og er það rúmlega tvisvar sinnum meiri fjöldi en Bandaríkjamenn hafa og næstum 20% af öllum herstyrk í heiminum. Um 60% af öllum sóvéskum iðnaði fer beint eða óbeint til framleiðslu hergagna. Þetta er

Geomyko utanríkisráðherra Sovétríkjanna

hærri prósenttala en það sem gengur og gerist í Bandaríkjunum.

Það er augljóst mál að það eru risaveldin Bandaríkin og Sovétríkin sem leiða vopnakapphlaupið í heiminum í dag og eru Sovétríkin greinilega í forystu.

Gromyko reynir að láta það líta þannig út að það séu vopnin sjálf sem ógna friðinum. Hann leynir því þeirri staðreynd að það eru hin pólitíska stefna sem segir til um hvaða tilgangi vopnin skuli þjóna. Og stefna Sovétríkjanna gengur einmitt út á það að ná heimsyfirráðum sama hvað það kostar.

Burt með Sovéskar herstöðvar á Svalbarða!



Í Svalbarðs-sáttmálanum sem undirritaður var af 39 löndum skömmu eftir fyrri heimsstyrjöld, var eftirfarandi ákveðið.

1. Svalbarði er norskt landsvæði og lýtur þar með norskri lögsögu.
2. Noregur skuldbingur sig til að byggja ekki flotastöðvar á eyjunum né veita öðrum ríkjum leyfi til þess. Einnig er óleyfilegt að nota Svalbarða til aðsetur fyrir herstöðvar og alls annars sem hernaði viðkemur.

Dagblaðið Norðurljós, sem gefið er út í Norður-Noregi, afhjúpaði fyrir skömmu áætlanir Sovétríkjanna um að byggja upp hinar öflöglegu herstöðvar við Kapp Heer á Svalbarða. Þessar herstöðvar hafa að geyma radartæki og jafnvel annan hernaðarlegan útbúnað.

Öllum hlýtur nú að vera það ljóst að Sovétríkin reka meðvitaða uppvöðslupólitík með það fyrir augum að ná öruggum yfirráðum yfir þessum norsku eyjum í Barentshafinu sem eru yfir 60.000 ferkílómetra.

Sovéska stjórnin hefur krafist að fá full yfirráð yfir hluta af eyjunum. Þrátt fyrir að norska stjórnin hafi hafnað þessum kröfum, halda Rússar stöðugt áfram öflöglegum aðgerðum sem miðast að því að ná þessum yfirráðum.

Kapp Heer herstöðin gerir Rússum það kleift að hernema Svalbarða á mjög skömmum tíma og áframhaldandi uppbygging á herstöðinni staðfestir það að þeir láta ekki staðar numið við þessi skertu yfirráð. Það sem Kremlverjar einfaldlega vilja er að ná fullum yfirráðum yfir öllum eyjunum og gera þær að sovéskum herbækistöðvum í norðrinu.

Ef þessar áætlanir þeirra heppnast þá er þetta ekki aðeins gróflega átroðsla á norskum sjálfsákvörðunarrétti, heldur mun þetta einnig styrkja stríðsundirbúning Sovétríkjanna og þar af leiðandi vera ógnun við heimsfriðinn.

Allt frá því að Rússar byrjuðu með þessa opnu árásarstefnu sína á Svalbarseyjar hefur norska ríkisstjórnin sýnt mikla linkind í þessum málum. Það fer ekki á milli mála að norska stjórnin er lafhrædd við þetta volduga risaveldi og þorir ekki að sýna þeim neina hörku. Þvert á móti þá gera þeir allt til að halda Kremlverjum góðum. Stefna norsku stjórnarinnar í þessu máli stangast ekki aðeins á við hagsmuni norsku alþýðunnar heldur einnig alþýðu alls heimsins. Ef stjórnin grípur ekki tafarlaust inn í gang mála á Svalbarða og krefst þess að Sovétmenn fjarlægi þessar radarstöðvar og annan herbúnað, mun ekki líða að löngu þar til Sovétríkin fara út í frekari hernaðarlega uppbyggingu á eyjunum.

Þessi árásarstefna Rússa á Svalbarða er ekki síður ógnun við sjálfræði Noregs en sú ógnun sem sjálfræði Íslands varð fyrir er bresk herskip héldu sig innan 200 mílna landhelginnar.



Sovéska herþyrlubækistöðin á Kapp Heer á Svalbarða.
(Mynd: Klassekampen)

Hvers vegna fór Hua til Írans?

Alþýðulýðveldið Kína á marga vini í hópi lesenda Verkalýðsblaðsins og víðar. Ýmsir hafa velt vöngum yfir margs kyns fréttum sem fjölmiðlar flytja af kínverskum málefnum og vilja gjarnan fá frekari skýringar á þeim, séu þær á annað borð réttar. Hér er t.d. átt við fréttir af iðnvæðingaráætlun Kínverja, "gagnrýni á Mað Tsetung" sem borgaralegir fjölmiðlar velta sér nú mjög upp úr og fleira.
Að sinni verður ekki fjallað um fyrrnefnd atriði, bæði skortir ritstjórn upplýsingar og eins er plássið naumt.
Við teljum hins vegar nauðsynlegt að gera að umtalsefni ferð Hua Kuofeng til Írans á dögunum, en hún hefur af mörgum verið túlkuð sem "stuðningur við Íranskeisara" og/eða auðsýnd vinátta við bandarísku heimsvaldastefnuna.

HEIMURINN ER EKKI EINFALDUR!

Við segjum hiklaust, að það er óðýrt sloppið hjá röttæku fólki, að fordæma Íransför Hua, aðeins á grundvelli þeirrar staðreyndar (sem við fögnum innilega) að brauðlappir undir blóðhundinum keisaranum eru að bresta vegna hetjulegrar baráttu kúgaðrar alþýðu í Íran. Við verðum að skoða allar hliðar málsins - og dæma svo. Heimurinn er nefnilega ekki einfaldur! Í ljósi hraðvaxandi styrjaldarhættu risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, telja Kínverjar skyldu sína að mynda sem breiðasta fylkingu allra afla í heiminum, sem hægt er að sameina gegn þessum hættulegustu risum auðvaldsheimsins. Meðal annars vilja þeir ýta undir jákvæða þætti í utanríkisstefnu Írans, en þeir eru vissulega fyrir hendi. Þetta er lofsvert framtak hjá Kínverjum og vitni um byltingarsinnaða utanríkisstefnu í framkvæmd.

Íranska utanríkisstefnan er afar mótsagnakennd. Til að nefna dæmi, má taka eftirfarandi:
a) Innan OPEC (samtaka olíuframleiðsluríkja) hefur keisarinn löngum verið talsmaður hækkaðs olíuverðs. Þetta er góð og rétt stefna, sem styrkir einingu þriðja heimsins gegn heimsvaldastefnunni, sérstaklega risaveldunum. En samtímis hefur keisarastjórnin fjárfest olíugróða á þann hátt sem skaðar verulega þriðja heiminn, m.a. í Asaníu (Suður-Afríku).
b) Nýlega náðu Íran og Írak samkomulagi um lausn gamals deilumáls sem varðaði landamæri ríkjanna. Þetta er gott og stuðlar að einingu í þriðja heiminum. En samtímis heldur keisarinn uppi and-arabískum og hrokafullum áróðri varðandi Oman-málið og hefur staðið að beinum árásum á það land. Þetta veikir einingu þriðja heimsins.
d) Keisarastjórnin hefur neitað Sovétríkjunum um að taka þátt í "Öryggiskerfi Asíu", sem hugsað er til einangrunar Kína. Stjórnin hefur krafist hærra verðs fyrir jarðgas til Sovétríkjanna og styrkt herstyrk sinn við sovésku landamærin. En samtímis hefur stjórnin gert 15 ára viðskiptasáttmála við Sovétríkin, samning sem gefur Sovétríkjunum frjálsari hendur með að fara ránsklóm um náttúruauðlindir Írans.
c) Annars vegar hefur keisarastjórnin leyft palestínsku frelsissamtökunum PLO að hafa bækistöðvar í Teheran, en hins vegar hefur hún stutt síonistahyskið í Tel Aviv í orði og verki.
e) Íran hefur tekið upp stjórnmálasamband við Kampútseu (Kambódíu), við Alþýðulýðveldið Kóreu, Kína og rauf sambandið við Taiwan. Í Sameinuðu þjóðunum hefur Íran margoft staðið að ályktunum og samþykktum til styrktar einingu þriðja heimsins, gegn heimsvaldastefnunni og risaveldunum tveimur.

Sem sagt: Hér má bæði sjá merki um andheimsvaldasinnaða afstöðu og afstöðu vinveitta heimsvaldastefnunni. Kína lítur á það sem skyldu sína, að reyna að reka fleyg á milli afturhaldsins í Íran og risaveldanna, því það að sjá á bak Íran í faðm risaveldanna myndi veikja einingu þriðja heimsins og jafnframt styrkja afturhaldið í landinu sjálfu. Jafnframt hafa Kínverskir kommúnistar ágæt samskipti við Íranska kommúnista og styðja baráttu þeirra gegn keisaranum.

Írönsk alþýða berst nú hetjulega gegn keisarastjórninni. Hverjar lyktir verða, er ekki hægt að segja fyrir. En greinilegt er að byltingarhreyfingin er í sókn. Hins vegar er mjög mikil hætta á því að risaveldin sjái ógnun í byltingarbaráttunni í Íran og standi að einhvers konar valdaráni þar.

Ef það gerist, þá mun írönsk alþýða og írönsk byltingarhreyfing ekki aðeins eiga í höggi við velbúinn her Írans, heldur og anga af herveldi voldugustu og hættulegustu auðvaldsríkja sem veraldarsagan hefur enn séð.

Og það er kannski þetta sem Örn Ólafsson, formaður "Baráttuhreyfingar gegn heimsvaldastefnu", horfir (viljandi) framhjá, þegar hann ræðst af heift á Alþýðulýðveldið Kína og för Hua til Írans (sbr. kappræðufund Arnar og fulltrúa EIK(m-l) fyrir fáeinum vikum). Hann gat ómögulega séð nema eina hlið á málinu, nefnilega þá, að Hua skálaði við keisarann og þess vegna hlaut það að tákna stuðning Kína við stefnu hans í einu og öllu - gegn byltingarhreyfingunni í Íran!

afstaða EIK(m-l) til

þjóðaratkvæðagreiðslu SHA

Á síðasta landsþingi Samtaka herstöðvaandstæðinga sem 4o-9o manns sátu að jafnaði var samþykkt tillaga um að SHA beittu sér fyrir Þjóðaratkvæðagreiðslu um herinn/NATO. Ein helsta röksemd flutningsmanna er sú að SHA vanti nærtækt baráttuverkefni til þess að efla starfið og gera markmið samtakanna nálægari. Skeleggustu talsmennirnir eru úr röðum Fylkingarinnar, svonefnds Kommúnistaflokks og fáeinir Alþýðubandalagsmenn.

EIK(m-l) taka afstöðu gegn þjóðaratkvæðagreiðslu sem þessari eins og sakir standa.

EIK(m-l) eru ekki andsnúin þjóðaratkvæðagreiðslum þó þær séu ekki bindandi heldur aðeins ráðgefandi fyrir Alþingi. Gagnsemi þjóðaratkvæða felst helst í því að þau gefa tilefni til mikils áróðursstarfs og vekja umtal og hreyfingu um ákveðið mál hverju sinni.

Andstaða EIK(m-l) við þjóðaratkvæði um hersetuna og NATO-aðildina stafar ekki af almennri vantrú á að slíkt geri gagn. Hins vegar ætti að vera ljóst að forsendur fyrir árangri í þjóðaratkvæðagreiðslunni eru m.a. þær að andheimsvaldasinnar ráði yfir lágmarksgetu og skipulagningu. Það er hvorki hægt að þrýsta á um þjóðaratkvæði né takast á við sjálfan undirbúninginn að henni án sérstakra ráðstafanna, innan SHA.

Það er aðeins almenn fullyrðing fylgjenda þjóðaratkvæða nú af ráðstefnu SHA að nauðsynleg skipulagning og virk hreyfing verði til <u>í rás baráttunnar</u> fyrir úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Mergurinn málsins er auðvitað sá að lágmarksskipulagning, lágmarksvirkni og lágmarkssamstaða nokkurs hóps herstöðvaandstæðinga þarf til, <u>áður</u> en lagt er í orustuna.

Skipulag SHA er í molum. Miðnefnd er einangruð frá fylgismönnum SHA og hefur ráðskast með samtökin. Hverfandi hluti fylgismanna starfar öðru vísi en svo að þeir taka þátt í einni eða fáum aðgerðum SHA, hverfa- og landshlutahópar vinna skrykkjótt eða alls ekki. Og allar tilraunir til þess að bæta úr voru kveðnar í kútinn á landsráðstefnunni.

Virkni herstöðvaandstæðinga er slík að starfsáætlunum er ekki framfylgt nema u.þ.b. 5o%, meðan þúsundir áhugafólks sitja auðum höndum og sumir hverfahópar í Rvk. lognast útaf. Miðnefnd SHA dregur enga lærdóma af þessu og snúið var út úr gagnrýni á landsráðstefnunni. Pólitísk samtök, sérstaklega Alþýðubandalagið, nota sér samtökin og taka hagsmuni sína fram yfir hag og ákvarðanir samtakanna.

Samstaða herstöðvaandstæðinga er aðeins hálf og varla það. Um meginmálið, að NATO og hernum slepptum, þ.e. Sovétríkin, ríkir engin samstaða. Hvernig er hægt að rökfæra útgöngu úr NATO og brottvísun hersins í viðamikilli þjóðaratkvæðagreiðslu - hvernig er hægt að tryggja sigur án þess að geta svarað spurningunni: "En hvað um Sovétríkin"?

Ef þorri virkrar forystu SHA segir Sovétríkin vera "hættulítil, hættulaus, samherji, friðelskandi" o.s.frv. þá er ósigurinn vís.

Að framansögðu þá telja EIK(m-l) því fara fjarri að rétt sé að leggja út í slag við herstöðvasinna og NATO-vini með jafn illa undirbúið og sundurlaust lið og raun ber vitni. Nær væri að beita sér fyrir lagfæringum og nauðsynlegum umræðum innan SHA og utan. Önnur ytri verkefni eru þegar næg eins og allt of löng starfsáætlun sýnir glöggt. Ævintýramennska Fylkingarmanna og jábræðra þeirra er glöpska og tilræði við andheimsvaldabaráttu nú um sinn.

EIK(m-l) sem slík eru að sjálfsögðu óbundin af samþykktum SHA. Þó munu þeir félagar EIK(m-l) sem <u>starfa innan SHA ekki</u> brjóta samþykkt landráðstefnunnar í starfi útávið með SHA. Innávið í SHA munu þeir beita sér fyrir því að samþykktinni verði breytt á næstu landsráðstefnu. Hið sama munu EIK(m-l) sem samtök gera.

2. kappræðufundur

Skemmtilegur og fræðandi

EIK(m-l) í Reykjavík hélt annan kappræðufund sinn af sjö, 9.nóvember s.l. Fundarefnið var atgangur risaveldanna í NA-Afríku, en andmælandi Örn Ólafsson frá Baráttuhreyfingu gegn heimsvaldastefnu (Bgh.).

6o-7o manns sóttu fundinn. Örn Ólafsson rakti sögu NA-Afríku, gagnrýndi framferði Sovétríkjanna og Kúbu í Eritreu og Eþíópíu, tók afstöðu með annarri af tveimur þjóðfrelsisfylkingum í Eritreu og sagði að sósíalistar ættu að styðja þjóðfrelsisbaráttu Eritrea. Ennfremur lýsti hann því yfir að rangt væri að styðja Mengistu-stjórnina í Eþíópíu.

Fulltrúar VERKALÝÐSBLAÐSINS röktu einnig sögu Eþíópíu og Eritreu ásamt Sómalíu. Þeir sýndu fram á hvernig Sovétríkin breyttu afstöðu til Eritreu með gagnbyltingunni í Sovétríkjunum á 6.áratugnum, hvernig þau halda uppi fasísku stjórnkerfi í Eþíópíu og brjóta heimsvaldaásælni sinni leið í NA-Afríku. Fulltrúarnir gagnrýndu svonefndar "vinstri" hreyfingar fyrir afstöðu og aðgerðaleysi.

Í fjörugum umræðum kom í ljós að afstaða Arnar var ýmist alls ólík afstöðu annarra í Bgh eða þá að hann forðaðist að draga ályktanir um eðli Sovétríkjanna og Kúbu. Örn tók sömu afstöðu og trotskistar Fylkingarinnar á fundinum: Í Sovétríkjunum ræður hvorki verkalýður né auðstétt - heldur ný stétt! Bæði Örn og Fylkingarmenn reyndu að leiða umræðuna út í orðræður um Kína með litlum árangri. Fulltrúar EIK(m-l) minntust á að samvinna væri möguleg með Bgh um stuðning við Eritreu að því tilskildu að Bgh styddi <u>báðar</u> frelsisfylkingarnar, krefðist frá hvarfs Kremlar- og Havanaliðsins o.fl. Að vísu er Bgh hverfandi afl, en getur nú sýnt vilja í verki, ef til er.

Milli framsöguræðna og umræðna fluttu Þorvaldur Árnason og Pétur Guðlaugsson góða tónlist, m.a. ný lög við ljóð Jóhannesar úr Kötlum.

Lesendabréf

Einangrunarstefna?

Það hefur vakið furðu mína hversu oft er skrifað um hinn svo kallaða Kommúnistaflokk Íslands M/L í Verkalýðsblaðinu. Satt best að segja er ég orðinn langþreyttur á þessum skrifum, því á þessu ári hefur lítið nýtt komið fram, sem ekki hefur verið skrifað um áður.

Ég fletti í gegnum öll tölublöð Verkalýðsblaðsins, sem komið hafa út á þessu ári og mældi hversu mikið pláss hefur verið notað undir orðaskak við flokksnefnuna. Hvorki meira né minna en 1o78 dálksentimetrar eða tæplega 11 metrar hafa farið undir þessi skrif og skilst mér að það samsvari einu 8 síðna blaði. Er þetta virkilega rétt stefna? Eru ekki hlutirnir að snúast upp í andstæðu sína, samfara þessari stefnu blaðsins? Nærist ekki flokksnefnan orðið á þessu orðaskaki við ykkur?

Frá mínum bæjardyrum séð er þessi stefna blaðsins einangrunarstefna, því með öllum þessum skrifum er blaðið að einbeita sér að fámennum hópi, sem hefur engin áhrif á gang mála í þjóðfélaginu, hópi sem fáir kæra sig um að frétta nokkuð af.

Til gamans tók ég einnig saman hversu mikið pláss hefur verið notað undir skrif um Alþýðubandalagið og forystu þess á árinu sem er senn að ljúka. 8o2 dálksentimetrar eða 8 metrar. Þessa dagana er forysta Alþýðubandalagsins að svíkja launafólk þessa lands meira en nokkru sinni fyrr og virðist hafa einsett sér að bjarga gróða atvinnurekenda á kostnað launafólks. Væri ekki ráð að einbeita sér að slíkum herrum ásamt samreiðamönnum þeirra í ríkisstjórninni því þeir hafa meiri áhrif á líf og kjör fólksins í þessu landi en nokkur annar um þessar mundir.

Áskrifandi.

Um „Eldhúsmellur"

Ágæta Verkalýðsblað!

Við erum nýbúnar að lesa bókina Eldhúsmellur eftir Guðlaug Arason, sem kom út hjá Máli og menningu nú í haust. Okkur finnst full ástæða til að Verkalýðsblaðið skrifi um svona bækur sem eru á allra vörum. Sjálfum finnst okkur bókin einkennast af kvenrembuhugmyndum, þ.e. aðaláherslan er lögð á það hversu vondir karlmenn séu, í stað þess að spyrja <u>hvers vegna</u> margir karlar eru svona afturhaldssamir og <u>hverjum</u> svona afturhaldssjónarmið þjóna. Það er auðvitað jákvætt að kvennabaráttan sé tekin upp í bókmenntum, en spurningin er bara sú, hvort það sé ekki skaðlegt baráttunni, ef það er gert á þennan hátt.

Við skorum á Verkalýðsblaðið að fjalla um bókina við tækifæri.

Lesendur

ENDASPRETTURINN EFTIR

Frh af opnu

dagskrá verða nokkur ávörp, upplestur á ýmsu efni tengdu baráttunni s.s. ljóðum, greinabútum o.fl., Nafnlausi sönghópurinn kemur í heimsókn, skólahljómsveitin flytur baráttusöngva, smásaga eftir Ara T. Guðmundsson verður lesin o.fl. Verkalýðsblaðið mun flytja nánari fregnir af baráttuhátíð Laugvetninga í næsta tölublaði.

Ungir Allaballar:

Ekki spönn fram á við

Landsþing Æskulýðsnefndar Alþýðubandalagsins (ÆNAB) lauk fyrir skömmu.

Þingið var afar fámennt. Mjög fáir þingsetar voru úr hópi "almennra" Alþýðubandalagsmanna (AB).

Á þinginu var m.a. rætt um stofnun æskulýðssamtaka flokksins, en í ljós kom að AB á sér litlar haldfastar rætur meðal ungs fólks - kosningafylgi er allt of sumt. Allar hugmyndir um skipulögð samtök voru því afllfaðar á þinginu.

RÓTTÆKNISBLÆRINN

Eitt helsta einkenni ÆNAB er dálítill róttækni-svipur ef miðað er við flokkinn sjálfan. Róttæknin hefur alla jafna farið í taugarnar á flokksforingjunum, svo ekki hefur það bætt stöðu ÆNAB. Hér sjást merki um einhverjar andstæður í flokknum - milli umbóta - og endurskoðannasinna annars vegar og fólks sem vill eitthvað betra og hefur ekki ánetjast enn gerfimarxisma og skrifstofubákni flokksins. En þó er ekki ólíklegt að eitthvað af róttækninni sé ættuð frá hentistefnumönnum sem eru að reyna kaupa AB fylgi meðal ungs fólks.

Landsþingið sendi frá sér stjórnmálaályktun. Þar kemur fram eitt og annað sem staðfestir reikandann og róttæknina innan ÆNAB. En reynslan sýnir að gerðir fylgja ekki orðum í þeim herbúðum. Orsökin er sú að ÆNAB ræður hvorki yfir skipulagi, stefnu né festu til þess að þróa framsækna baráttu á andstöðu við falsspekingana sem móta borgaralega hugmyndafræði og starfshátt Alþýðubandalagsins. Framlag ÆNAB er eingöngu árlegt pappírsgagn.

RUGLANDI.

Í ályktuninni er minnst á að <u>mikilvægasta</u> verkefni sósíalista sé að <u>afhjúpa</u> auðvaldskerfið. Líklega á svo baráttan gegn því, markmið, leiðir og kollvörpun þess að koma af sjálfu sér. Um fjöldabaráttu, markmið, leiðir, hlutverk forystuafls o.fl. segir ekki orð.

Framtíðarþjóðfélag ÆNAB er sagt eiga að "afnema arðrán manns á manni" - í því skyni er rætt um "verkalýðseftirlit með athöfnum opinbers-, einka- og samvinnureksturs" ! Sósíalisminn kemur með því að verkafólk passar upp á braskara og arðræningja.

Afstaða ÆNAB til húsnæðismála, lækkun kosningaaldurs, vinnuþrælkunar og NATO/hersins er hins vegar ágæt. En auðvitað er engu orði minnst á kauprán, stéttasamvinnu verkalýðsforystunnar, Sovétríkin og erlenda ásælni hérlendis. Tilviljun ?

FLÍSIN Í AUGANU

Mikilvægasta atriðið í ályktun ÆNAB er afstaðan til ríkisvaldsins. ÆNAB segir þingræðisbaráttuna aldrei geta orðið kjarna sósíalískrar baráttu. Og rétt er það, en hvað eru þessir menn þá að gera í AB?

Miklir hentistefnumenn mega þeir vera, enda kemur það vel í ljós í lok ályktunarinnar. Þar segir að berjast verði gegn árásum á núverandi vinnulöggjöf sem m.a. beinist að því að banna verkföll að hluta. En kæru AB-unglingar, framámenn flokks ykkar í verkalýðshreyfingunni taka þátt í undirbúningi nýrrar vinnulöggjafar og í því að fela inntakið. Afhjúpið þá ! Takið upp baráttu !

Landsþing ÆNAB reyndist hvorki vera lyftistöng framsæknu starfi né leiða í ljós valkost handa baráttusinnum. Hann finna þeir í kommúnísku samtökunum. Markmið ÆNAB er að halda friðinn við flokksforystuna.

RÆTT VIÐ RAUÐSOKKA

Framhald af baksíðu

því máli t.d. hvort Sovétríkin séu heimsvaldasinnuð eða ekki. Það er því fráleitt að ætlast til að við tökum slíka afstöðu því með því myndum við útiloka svo stóran hóp. Þar af leiðandi er ekkert því til fyrirstöðu að samfylkja með kvennasamtökum eins og Menningar- og friðarsamtökum Ísl. kvenna, MFÍK, (sem taka einarða afstöðu með heimsvaldastefnu Sovétríkjanna, innskot VBL.) svo framarlega sem þær gera ekki kröfu um að tekin sé afstaða til Sovétríkjanna.

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

Gerist áskrifendur
Áskrift greiðist á
giró 12200-9

ÁBM: ALBERT EINARSSON
1 árs áskrift: kr. 3000
1/2 árs áskrift: kr. 1750
til útlanda: kr. 5500
Stuðningsáskrift: kr. 5000
ÓÐINSGÖTU 30 Pósthólf 5186,
Reykjavík, sími: 29212

Landsbókasafnið
v/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

Rætt við Rauðsokka

„Ekki hægt að taka afstöðu til heimsvaldastefnunnar"

Rauðsokkahreyfingin hefur látið þó nokkuð mikið í sér heyra nú í haust. Má þar nefna helgarráðstefnu í október, Rauðsokkahátíð frá morgni til kvölds og blaðaskrif.

Verkalýðsblaðið tók því tali tvo meðlimi hreyfingarinnar, þær Sólrúnu Gísladóttur sem á sæti í miðstöð og Álfheiði Steinþórsdóttur, og spurði þær fregna af starfi og stefnu Rauðsokkahreyfingarinnar.

VBL: Margir Rauðsokkar halda því fram að Rsh. hafi tekið miklum breytingum síðasta ár. Hvaða öfl eru það þá sem hafa tekist á innan hreyfingarinnar og í hverju eru þessar breytingar fólgnar?

Svar: Í rauninni hafa engar breytingar orðið á stefnu Rsh. heldur eru þessar breytingar starfræns eðlis. Þessar breytingar hafa ekki komið til vegna baráttu mismunandi skoðanahópa í hreyfingunni heldur hefur þetta verið friðsamleg þróun.
Vegna reynslunnar af starfinu var það ákveðið á ráðstefnunni í haust að hreyfingin skyldi beita sér að einu höfuðverkefni í stað þess að áður voru innan hennar mismunandi hópar sem höfðu lík starfssvið t.d. dagheimilishópur og fjölskylduhópur. Eftir sem áður mega félagar þó stofna hópa um önnur verkefni.

VBL: Nú hefur það komið fram að þið teljið Rsh. ekki vera nógu öfluga hreyfingu. Er það eitthvað í stefnu og skipulagi hreyfingarinnar sem þið teljið geta verið orsök þessa?

Svar: Við teljum Rsh. hafa eflst mjög mikið í starfinu í sambandi við 1.des. í fyrra og síðan í 8.mars-starfinu. Í þessu starfi hefur hreyfingunni tekist að virkja fólk til að berjast fyrir ákveðnum baráttumálum án þess að það hafi þurft að taka afstöðu til annarra þátta í stefnugrundvelli hreyfingarinnar. Þess vegna eru það miklu frekar starfshættir heldur en stefna Rsh. sem ræður því hve öflug hreyfingin er.

VBL: Í stefnuskrá Rsh. frá 2. landsþingi 1976 er sagt að undirrót kúgunar á konunni sé það hlutverk sem konan hefur gengt og gegnir í fjölskyldunni.

Stendur þetta í dag og hvernig hagar Rsh. þá baráttunni gegn núverandi hlutverki kvenna í fjölskyldunni?

Svar: Hér er átt við að hin raunverulega undirrót kúgunarinnar sé núverandi þjóðskipulag. Það miðar að því að halda konunni heima og koma í veg fyrir að hún geti verið fullur þátttakandi í atvinnulífinu. Þær konur sem vinna úti í dag hafa tvöfalt vinnuálag þar sem heimilisstörf og ábyrgð á uppeldi barnanna hvílir nær eingöngu á þeim. Þess vegna beinist barátta okkar fyrst og fremst að því að félagsleg þjónusta við fjölskylduna verði aukin, t.d. með dagvistunarstofnunum þannig að ábyrgðin af uppeldi barnanna verði ekki lengur einkamál foreldranna heldur alls þjóðfélagsins.

Það þarf að breyta fjölskylduforminu. Hins vegar hefur Rsh. enga ákveðna stefnu í því hvernig sú breyting eigi að vera. Innan hreyfingarinnar eru mismunandi viðhorf til kjarnafjölskyldunnar sem er ráðandi fjölskylduform í okkar þjóðfélagi. En við teljum að í því efni eigi að vera til fleiri valkostir.

VBL: Í stefnugrundvellinum segir líka að Rsh. berjist fyrir fullkomnu jafnrétti kynjanna á öllum sviðum þjóðfélagsins. Hvernig samræmist þetta öðru kjörorði hreyfingarinnar, kvennabarátta er sama og stéttabarátta?

Svar: Við lítum þannig á að það sé engin mótsögn á milli þessarra tveggja krafa. Það eru sjálfsögð mannréttindi að jafnrétti sé á milli kynjanna. Konur eiga að njóta sömu mannréttinda og karlar á öllum sviðum þjóðfélagsins t.d. í sambandi við stöðuveitingar. Þessi mannréttindakrafa er óháð stéttum svipað og kröfur sem beinast gegn kynþáttamisrétti. Hins vegar gerir hreyfingin sér það ljóst að þessum kröfum verður ekki náð fram nema að þjóðskipulagið breytist, en við teljum rétt að setja fram kröfur sem vísa út fyrir okkar þjóðfélag í dag sbr. kröfuna um ókeypis dagheimili fyrir öll börn.

VBL: Rsh. hefur verið gagnrýnd fyrir að vera kvenrembusamtök, þ.e.a.s. að stilla karlmanninum upp sem höfuðandstæðingnum sem berjast skal gegn. Hefur þessi gagnrýni við rök að styðjast?

Svar: Alls ekki. Allir karlmenn eru velkomnir í hreyfinguna. Það má vera að á fyrstu árum hreyfingarinnar hafi borið eitthvað á slíkum hugmyndum. Eftir því sem hreyfingin hefur þróast í gegnum árin hefur þetta breyst.

VBL: Teljið þið að stofnun 8.mars hreyfingarinnar í ár hafi haft einhver áhrif á starf og stefnu Rsh.?

Svar: Nei við teljum það ekki, en hins vegar gæti tilvist hreyfingarinnar komið til með að auka umræðuna um þessi mál. Við teljum að sú umræða sem þegar hefur farið fram hafi hins vegar verið ómálefnaleg og því ekki skipt verulegu máli. Í sambandi við 8.mars í ár þá var Rsh. reiðubúin til samstarfs á grundvelli sameiginlega baráttumála, en þar strandaði á samstarfsvilja 8. mars hreyfingarinnar. Það er ljóst að kvenfrelsishreyfing eins og Rsh. getur ekki gert þær kröfur til meðlima sinna að taka afstöðu til heimsvaldastefnunnar. Það eru hópar innan hreyfingarinnar sem hafa mismunandi afstöðu í

Framh. á bls. 7

Áskrifta og lausasöluherferð



Lykilatriðið er sem sagt að hver og einn sölumaður útvegi blaðinu minnst einn áskrifenda. Bjóðið áskrift öllum þeim, sem kaupa blaðið í lausasölu. Undirstrikið mikilvægi áskrifta, bæði hvað varðar uppbyggingu blaðsins og kosti þess að fá blaðið sent heim reglulega í pósti.

Einnig viljum við minna á gjafakortin. Einsársáskrift að Verkalýðsblaðinu er vegleg jólagjöf. Gefið vinum og kunningjum áskrift að Verkalýðsblaðinu í jólagjöf. Áskrift kostar aðeins 3000 kr. Gjafakortin fást að Óðinsgötu 30, Reykjavík, í Októberbúðinni.

Til stuðningsmanna blaðsins á Vestur-, Norður- og Austurlandi. Áskriftarherferðin hefur ekkert mjakast áfram hjá ykkur. Við hér á suðvesturhorninu veltum því fyrir okkur hvort þið hafið lagst í vetrardvala. Væri ekki ráð að afsanna þessa vitleysu svo um munar með því að skjótast fram fyrir Stór-Reykjavíkursvæðið á línuritinu í næsta blaði, sem kemur út um miðja desember.

LAUSASÖLUHERFERÐ

Lausasalan er að festast í 100% markinu og er greinilegt að það eru tiltölulega fáir sem enn eiga eftir að ná jafnri og öruggri sölu. Hvetjum við þá, sem enn hafa ekki náð sínu marki, að taka á honum stóra sínum.

ÁSKRIFTAHERFERÐ

Áskriftaherferðin þokast allt of hægt áfram. Enn vantar 62% upp á markmiðið.

EF allir sölumenn blaðsins útvega minnst einn áskrifenda á þessum rúma mánuði, þá ættum við að ná markinu.

1. okt '78 - 1. jan '79

Október - forlagið:

Nýr Rauðliði og jólabasar!

Í desember hyggst Októberforlagið, bókaútgáfa EIK(m-l), efna til jólabasars í Reykjavík. Nánar verður hann auglýstur síðar, en talsmaður Október sagði í samtali við VB, að hér væri um að ræða fjáröflun fyrir forlagið og einnig stuðlaði þetta að því að eigulegir hlutir skiptu um eigendur þeim sjálfum og forlaginu til gagns og ánægju!

-Þessa dagana er að koma út 2.-3. tbl. Rauðliðans, fræðilegs og menningarlegs tímarits EIK(m-l), hjá forlaginu, sagði Október-talsmaðurinn ennfremur. Þetta hefti er óvenju stórt, 80 blaðsíður, og kemur mun seinna út en ætlað var. Rauðliðinn hefur að geyma mikilvægar greinar, m.a. um Rauðsokkahreyfinguna, kenninguna um heimana þrjá, listir og menningu, Stalín og þróunina í Sovétríkjunum í tíð hans, gagnrýni og sjálfsgagnrýni og fjöldastefnu. Einnig er þar þýdd ræða eftir Maó Tsetung um díalektíkina.

Öll eru þetta mikilvæg mál og því brýnt að Rauðliðinn fari víða. Best er að áskrifendum fjölgi sem mest. Við höfum tekið all djarft skref með því að láta offsetprenta RL í stað þess að fjölrita hann, það gerir hann læsilegri og eigulegri. En þessu fylgir aukinn kostnaður og nauðsyn á meiri sölu og útbreiðslu. Ég vil því eindregið hvetja þá áskrifendur Verkalýðsblaðsins, sem fengið hafa sent kynningarrit um RL, að bregðast skjótt við og rölta við á pósthúsi með útfylltan áskriftaseðil. Einnig má líta við á Óðinsgötu 30 í Reykjavík og senda pöntun þangað.

-Er þörf á Rauðliðanum, þegar við höfum fyrir **Verkalýðsblaðið**?

- Já, RL tekur upp mál sem blaðið getur ekki tekið upp og fjallar ýtarlegar um þau en rúm VB leyfir. Ég bendi t.d. á að í þessum nýja RL er að finna skrif um mörg mál sem marx-leníníska hreyfingin á Íslandi er að fjalla um einmitt þessa stundina og þau munu vonandi fleygja þeirri umræðu fram.

Að lokum minni ég á nýkomnar stórar og "safaríkar" bókasendingar frá Noregi og Kína í Október-bókabúðinni. Þar er fyrir margvíslegt lesefni og hljómplötur frá ýmsum löndum, þar á meðal allt sem Einingarsamtökin og Október-forlagið hafa gefið út til þessa.